

Spaugilegir straumar

MYNDLIST

JÓN B. K. RANSU



KLING & BANG GALLERÍ | Andvökur – Samsýning ný kanadískra listamanna
Ópið fimmtudaga til sunnudaga frá 14-18. Sýningu lýkur 4. október. Aðgangur ókeypis. ★★☆☆☆

Stefán Guðmundur Guðmundsson hét maður, fæddur árið 1853 á Kirkjuhóli í Skagafirði. Í æsku þráði Stefán fátt annað en að ganga í skóla, en efnahagsástandið var búið og hágr foreldra hans þannig að ekki gafst honum kostur á skólagöngu. Að lokum gátu foreldrar Stefáns ekki lengur beðið eftir að efnahagsástandið batnaði, kvöddu landið fyrir fullt og allt og fluttust til Kanada. Þar tók Stefán nafnið Stephan G. Stephansson.

Í Kanada vann hann við skógarhögg en settist svo að við rætur Klettafjalla til að sinna búskap. Stephan hafði yndi af skáldskap en sökum mikillar vinnu notaði hann næturmar til þess að yrkja og árið 1908 voru ljóð hans gefin út í sex bindum undir heitinu „Andvökur“.

Í Kling & Bang gallerí stendur nú yfir sýning á verkum ný vestur-kanadískra myndlistarmanna sem ber sama heiti og ljóðabók Stephans, „Andvökur“. Sýningarstjórninn David Viney, sem hefur áður komið við sögu hjá galleríinu, ku hafa sótt innblástur til Stephans G. Stephanssonar og samþættingu menningarstrauma sem Kletta-skáldið hefur tekist á við í list sinni og gætir jafnvel ljóðrænna strauma á sýningunni, eins og í textateikningum Kris Lindskoog sem fjalla um upplifun hans fyrstu dagana á Íslandi.

Listamennirnir virðast allir ganga út frá menningarlegum tengslum og viðbrögðum við umhverfinu sem þeir heimsækja. Í vídeóverki Kens Buera eru tengsl sett fram í einskönar „60-minutes“ fréttastafi og bráðsmellið verk Kay Burns tekur á langsóttum ættartengslum og hugsanlegri sameiginlegri heimsmyndakenningu þegar listakonan fer í hlutverk fararstjóra og gengur um miðbæinn. Verk sem kann að framkalla kjánahroll hjá þeim sem eru viðkvæmir fyrir slíku.

Tengsl manna við náttúru fær sinn skerf á sýningunni. Walter May tekur fyrir frumstæð ummerki sem menn skilja eftir sig utan borgarmarkna, Jason de Haan saltar brjóstmynd af Kristjáni Davíðssyni, úr smíðju Helga Gísla-



Morgunblaðið/Heiddi

Tengsl og viðbrögð „Listamennirnir virðast allir ganga út frá menningarlegum tengslum og viðbrögðum við umhverfinu sem þeir heimsækja“, segir meðal annars í dómmum um samsýningu kanadísku myndlistarmanna.

„Andvökur“ er margslungin sýning sem ber að gefa góðan tíma, vilji maður njóta hennar til fulls.

sonar, svo saltið taumar niður skegg hans eins og grýlukerti og Robyn Moody sýnir glæsilegt merlandi líkan af Vonarvatni (Hope Lake) sem eitt sinn stóð til að eyðileggja sökum tilrauna með að skilja í sundur olíu og sand. Verkið drepur á umhverfisumræðu og nýtingu auðlinda.

Þá gegnir klæðnaður mikilvægi hlutverki í myndlíkingum nokkurra listamanna. Robyn Arseneault sýnir pappírsyfirhafnir skreyttar veðurtáknum sem hæfa íslenskum aðstæðum, Phillip McCrum tekur fyrir bræðralag með dæmigerðum kanadískum ull-

arskyrtum sem búa yfir misvísandi ímynd og Craig LeBlanc hefur steipt skjaldbökur í pungbindi og sett í þyrpingu á gólflið líkt og þær vilji flýta sér hægt á milli staða. Væntanlega vísa pungbindin til ísknattleiks, en menningarstraumar Kanada og Íslands hafa svo sannarlega skorist á ísvelli þar sem fyrsta sigurlið Kanada á Ólympíuleikum árið 1920 samanstóð af íslenskum leikmönnum sem höfðu, líkt og Stephan, flúið vestur um haf (sjá [www.winnipegfalcons.com](#)).

Svona samsýningar í galleríum, með þetta einu til tveimur verkum á mann, þykja mér sjaldan spennandi. En „Andvökur“ er margslungin sýning sem ber að gefa góðan tíma, vilji maður njóta hennar til fulls. Listamennirnir bregðast einkar vel við aðstæðum og ná að gefa rýminu heildstæða mynd. Spaugsemi er þar einkennandi og kemur hún til af vali sýningarstjóra fremur en að það séu sér-einkenni á kanadískri list. Og fyrir mitt leyti hittir þessi sýning í mark.

Glens og gaman

TÓNLIST

RÍKARÐUR Ö. PÁLSSON



ÍSLENZKA ÓPERAN | Einsöngstónleikar

Blíðuðu söngskemmtun. Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran [S] ásamt tenórunum Jóhanni Friðgeiri Valdimarssyni [J] og Óskari Péturssyni [Ó]. Jónas Þórir pianó. Sunnudaginn 20. september kl. 20. ★★☆☆☆

Undir yfirskriftinni *Frá suðri til norðurs með sópran í eftirdragi!* var efnt til söngskemmtunar í Íslensku óperunni á sunnudag. Hvert sætanna 473 var skipað, enda kvað áformað að ítreka leikinn 1. nóvember.

Dagskráin var afar fjölbreytt. Eftir að Sigrún Hjálmtýsdóttir fauk sem drifa um drungsvarta nótt í fyrrum sérskjól tenóra með *Hamraborginni* leiddi hvert eftirlætislag fullveðja landsmanna á fætur öðru í ýmist ein- eða tvisöngmeðförum þremmenninganna við mikinn fögnuð. Þarna fóru gullaldarsönglög eins og *Draumalandið* (S), *Pótt þú langföruhl legðir* (J) og *Sólsetursljóð* sr. Bjarna (SÓ [raunar fyrir tenór og baryton!]) jafnt sem sigrænar dægurballöður á við Denver-daðrann *Kanski er ástin* (ÓJ) og ljúflingslag Egils Ólafssonar *Það brennur* (SJ), að ógleymdri „Fúsa-syrpu“ við almennan undirsöng.

Margt var kryddað glens og gamni. Denver-númerið lagði t.d. salinn flatan þegar Jóhann og Óskar dönsuðu samlyndir út úr skápnunum, og Óskar sýndi við fleiri tækifæri ótvíræða hæfileika sem músíkalskur uppistandari með útsmognu tímaskyni.

Seinni hlutinn færði sig skör ofar að óperu, Vínaróperettu og engilsaxneskum söngleik. Meðal hápunkta má nefna dillandi flúr-söng Sigrúnar sem margupprektrar spígsporandi Coppelíu í *Arú díkkunnar* (Offenbach). Hún fór síðar með stjörnuatriði Guðrúnar Á. Símonar *Sibonay* af glæsibrag. *Caruso* svall móðugt í meðföllum Jóhanns pótt hendingalokin hröpuðu um of í styrk. Óskar komst furðulega frá *Una furtiva* Donizettis miðað við fyrri störf, og lokaatriðin *Nessun dorma* (JÓ/S) *Amigos para siempre* (ÓP) og *You Never Walk Alone* (SÓJ) vöktu mikla lukku.

Hér tókst margt bráðvel, ekki sízt fyrir fisléttan sönghúmor. Þegar stundum virtist vanta meiri samæfingu – m.a. í Pucciniúttinum *O soave* (SJ) – bjargaði Jónas Þórir oft málum með þrautgóðum spuna, enda þótt minna færi fyrir klassískri nákvæmni í kröfuharðasta geiranum.

Skáldskaparvíman ljúfa

TÓNLIST

JÓNAS SEN



BÚSTAÐARKIRKJA | Söng- og kammertónleikar

Tónlist eftir Sjostakóvítsj, Tsjajkovskí, Rakmanínoff, Glinka og Mendelssohn. Flytjendur voru Alina Dubik, Ástríður Alda Sigurðardóttir, Ari Vilhjálmsson og Margrét Árnadóttir. Sunnudagur 20. september. ★★☆☆☆

Það var unaðslegt að hlýða á söngkonuna Alínu Dubik í Kammermúsíkklúbnum á sunnudagskvöldið. Alina hefur forkunnarfagra mezzó-sópranrödd, en ekki bara það. Hún býr líka yfir djúpu listrænu innsæi. Og hún kann að koma listrænni sýn sinni til áheyrenda. Það gerir hún með alls konar finlegum blæbrigðum sem hvert um sig segir heila sögu. Þótt hún hafi sungið lög á rússnesku á tónleikum þurfti maður ekkert að fylgjast með textanum; það var svo auðheyrnt um hvað tónlistin fjallaði.

Lögin voru eftir Sjostakóvítsj, Tsjajkovskí og Rakmanínoff (og auklag eftir Glinka). Þau hafa flest heyrst hér áður, það voru helst lögin eftir þann fyrstnefnda sem komu á óvart. Þetta voru spænskir söngvar op. 100, en textinn rússneskar þýðingar á spænskum þjóðkvæðum. Lögin voru skemmtilega látlaus, en samt með dökkri undiröldu sem var einkar sjarmerandi.

Ástríður Alda Sigurðardóttir lék á pianó með Alínu og gerði það vel, en stundum af óþarfa hæversku. Hún

fylgdi söngnum þrýðilega og undirstrikaði stemningu hvers lags með vandlega mótuðum litblæ, en hefði á köflum mátt vera kraftmeiri. Tónlistin eftir Rakmanínoff og Tsjajkovskí þarf virkilega munúðarfullan píanóleik ef hún á að njóta sín til fulls. Kannski hefði flygillinn í Bústaðarkirkju mátt vera alveg opin, ekki bara til hálsf eins og oftast á söngtónleikum.

Í tveimur síðustu lögum Rakmanínoffs lék Zbigniew Dubik á fiölu. Þótt Zbigniew hafi spilað afar fallega í sjálfu sér gerði fiöluleikurinn lítið fyrir lögin, dró úr áhrifamætti þeirra fremur en hitt. Lögin eru yfirleitt ekki flutt svona, og er ekki að undra; fiölan skapaði kaffihúsastemningu sem átti engan veginn við.

Eftir hlé var hið sívinsæla píanótrío í d-moll eftir Mendelssohn á dagskránni. Þar stígu á svið, auk Ástríðar Öldu, þau Margrét Árnadóttir sellóleikari og Ari Þór Vilhjálmsson fiöluleikari. Vissulega eiga þremmenningarnir enn eftir að ná því að spila eins og einn maður (ég gat ekki stillt mig um að þera leikinn saman við flutning Tríos Nordica á sama verki á Listahátíð, sem var mun heildstæðari) en samt var útkoman furðu skemmtileg. Fiöluleikurinn var hljómfagur, léttur og áreynslulaus, sellóleikurinn glitrandi glæsilegur. Þess má geta að píanórullan í þessu verki er sérlega krefjandi, en Ástríður Alda hristi hana fram úr erminni eins og ekkert væri. Gaman væri að heyra þremmenningana spila meira; hér er komið fram verulega efnilegt tríó!

Í GANGI

Kvikmyndir

The Ugly Truth – Blá-kaldur sannleikurinn-
★★★☆☆

„Blá-kaldur sannleikurinn er nýjustu þreifingar Hollywood í þá átt að endurskapa þær orðheppnu, kaldhæðnu, rómantísku gamanmyndir sem komust í algleyming um miðja síðustu öld. Reyndar heyrðist aldrei sá klám-kjafur, sem linnir ekki í The Ugly Truth, í verkum með Clark Gable og Claudette Colbert, Rock Hudson og Doris Day, né Richard Gere og Julie Roberts, svo nokkur vinsæl þór sé nefnd frá þeirri 20. Ástæðan: Þá voru höfundar einfaldlega fyndnari og klám á bannlistanum langa. Þar liggur hundurinn grafinn: Rísir er ný og ráð-villt öld þar sem verið er að kljást við ný gildi, síðferðileg takmörk og áherslu, eins og blasir við í The Ugly Truth, þar sem verið er að teygja sig og ná til nýrra áhorfenda sem hafa flykkst á mun betur heppnaðar en nútímalegar, rómantískar gamanmyndir á borð við Knocked Up.“
Sæbjörn Valdimarsson

Blygðunarlaus/
Shameless/Nestyda
★★★★☆

„Nýjustu mynd tékknesku kempunnar Jan Hřebejk hefur verið lýst sem „órómantískri gamanmynd“ en hún segir frá vandræðum farsæla fjölskylduföðursins Oskars er grái fíðingurinn fer að herja á hann. Æskuljóminn er horfinn af honum og smástra farin að gera vart við sig. Oskar lifir við fjárhagslegt öryggi og reglubundið heimilislíf og það er ekkert ævintýralegt við líf hans. Til að sanna fyrir sjálfum sér að hann sé ekki dauður úr öllum æðum fer hann að halda við barnfóstruna sem er á unglingsaldri. Hann tileinkar sér sms-samskiptatækni og æðruleysi kærustunnar sem endar með skilnaði þeirra hjóna. Kærustunni fer fljótlega að leiðast að dröslast með forngrip eins og hann og ýtir honum í faðm frágrar fólnandi poppstjörnu sem komin er á efri ár. Galakvöld og fjölmiðlafar er ekki betri vettvangur fyrir kappann sem fer þrátt úr öskunni í eldinn. Á meðan Oskar missir allt úr höndunum blómstrar konan hans í nýju jafningjasambandi og nýtur dyggs stuðnings elskulegs sonar síns og útsmoginna tengdaföreltra. Myndin er írónísk og grátbrosleg en það er dæmigert að hið nýfengna óskuldubundna sjálfstæði þeirra hjóna verði útrásarsauðnum að falli en hið mesta happ fyrir hina trygggu og trúu spúu.“

Hjördís Stefánsdóttir

Myndlist



Listasafn Reykjavíkur – Endurkynni rammanna: Friðrik Þór Friðriksson og Lars von Trier. ★★☆☆☆

„Sýningin gefur vissulega möguleika á umræðu, en því miður svolítið gamalli umræðu. Hún getur ekki verið samanburður á málverki og kvikmynd, móðgun við málverkið að halda slíku fram. Svipað og ef einhver tæki vídeó af Mónu Lísu-málverkinu, og segði það vera samanburð á miðlunum. Ef leikurinn snýst hins vegar um að grínast, setja eitthvert djók fram undir alvarlegum formerkjum og hlæja bak við máluð leik-tjóldin, kannski stríða safnina, eða stríða almenningi eða hinni sjálfsupphöfnu myndlistarelitu þá virkar þetta ekki. Stórkarlaleg undirskrift leikstjóranna í horn málverkanna er sá þáttur í gjörningnum sem fer „meðvitað“ yfir strikið sem „sannar“ eftir á kaldhæðina og afsakar þannig að sýningin er misheppnuð sem hún náttúrulega varð að vera.

En sýningin er ekki bara „málverk“ því myndbandsverk eftir sýningarstjórnara Ara Alexander Ergis leikur hér stórt hlutverk í heildinni og ekki síst tónlistin í því eftir Hilmar Örn Hilmarsson sem ómar yfir alla sýninguna í heild og gerir heimsóknina meira en bærilega. Vídeóverkið er dæmigert fyrir sjónmenningu samtímans þar sem skapandi vinna með efni frá öðrum verður að sjálfstæðu verki og sem slíkt þá gengur það mjög vel upp og bætir heilli stjörnu í hnappagat sýningarinnar.

Sýningin Endurkynni rammanna er ein af undarlegri framkvæmdum Listasafns Reykjavíkur í ár [...].“

Þóra Þórisdóttir